

Um dönskukunnáttu Íslendinga á nítjándu öld

Í heimildum er oft vikið að dönskukunnáttu Íslendinga á fyrri tíð, án þess að tíundað sé nánar í hverju kunnátta þeirra fólst. Þegar leita á svara við, hvernig háttar til með tungumálakunnáttu almennt eða tiltekinna hópa í samtímanum, eru ýmsar leiðir til þess, en hins vegar er öllu torveldara að kalla fram trausta heildarmynd af slíkri kunnáttu manna á fyrri tíð. Hér verður að styðjast við skriflegar heimildir sem geta haft sínar takmarkanir og verður því að taka með fyrirvara. Auk skrifa um dönskukennslu í skólum eru til textar, sem Íslendingar rituðu á dönsku, og einnig má finna dæmi, þar sem Íslendingar fjalla um dönskukunnáttu sína eða annarra og hvaða tók þeir höfðu á málinu. Einnig eru til lýsingar Dana á framburði sumra Íslendinga, og hvernig þeim gekk að tjá sig á dönsku, en þrátt fyrir þetta getum við aldrei vitað til hlítar, hvernig danskan hljómaði í munni einstakra manna eða Íslendinga yfirleitt eða hve vel þeir skildu talaða og ritaða dönsku. En það er hægt að raða saman þekkingarbrotum úr ólíkum áttum og reyna að glöggva sig á þeirri mynd sem tiltækur efniviður gefur. Hér á eftir verður gerð tilraun til þess. Á grundvelli ólíkra skriflegra heimilda, svo sem opinberra texta, sendibréfa, endurminninga, fræðibóka, fjölmiðlertexta og kennslubóka, verður reynt að varpa ljósi á ólíkar hliðar dönskukunnáttu Íslendinga á nítjándu öld, ekki síst námsmanna. Sérstaklega verður hugað að því hvaða vísbendingar heimildirnar gefa um tækifæri Íslendinga til að tileinka sér dönsku hér á landi. Hér er vitaskuld um allstóran hóp að ræða, þar sem ýmsir þættir, svo sem búseta og félagsleg staða, geta skipt sköpum fyrir sambúðina við dönsku og tækifæri einstaklinga til að nota og tileinka sér málið. Í umfjöllun-

inni verður reynt að gefa innsýn í helstu þætti sem ætla má að hafi haft áhrif á dönskukunnáttu landsmanna og tók þeirra á málinu.

Hægt er að læra erlend tungumál, t.d. dönsku með beinum hætti, þ.e. með því að umgangast Dani og hafa samskipti við þá. Þannig geta Íslendingar lært að skilja og tala dönsku í samskiptum við Dani hér á landi, þar sem þá er að finna, eða með því að dvelja sjálfir í dönsku málumhverfi ytra um skemmri eða lengri tíma. Til að maður náði tókum á lestri danskra texta, þurfa þeir að vera innan seilingar og einhver tilgangur með því að lesa þá. Nú má spyrja, hvort aðstæður hafi verið til staðar á níttjándu öld til að læra að tala eða lesa dönsku með beinum hætti, og ef svo er, þá hvar, og fyrir hverja. Voru t.d. tækifæri til að tileinka sér málið þau sömu til sveita og í þéttbýli? Og einnig má spyrja hvort þær aðstæður, þar sem reyndi á tjáskipti á dönsku, hafi tekið til bæði talaðs máls og ritaðs og jafnt viðtöku sem tjáningar á málinu. Tileinkun dönsku getur einnig átt sér stað með óbeinum hætti í námi undir handleiðslu kennara, annaðhvort heima eða í skólum. Forsenda þess að slíkt nám eigi sér stað, er að það sé í boði. Og þá má einnig spyrja, hvort danska hafi verið kennd hér á landi á níttjándu öld og þá hvar og hverjir hafi notið kennslunnar. Loks má nefna sjálfsnám, sem einstaklingar geta stundað af eigin hvötum í ólíkum tilgangi og samhengi, en forsenda slíks náms er að áhugi eða löngun sé til staðar hjá einstaklingnum til að hefja nám af sjálfsdáðum, t.d. í erlendu tungumáli. Á undanfórnum árum og áratugum hafa kenningar um mikilvægi hvata fyrir tungumálanám verið í brennidepli.¹ Í kenningum Gardners og Lamberts² um hvata er gerður greinarmunur á *verktengdum hvata* (e. *instrumental motivation*) og *aðlögunartengdum hvata* (e. *integrative motivation*). Verktengdur hvati getur t.d. verið sprottinn af miklum áhuga á að kynnast ákveðnu innihaldi, sem er miðlað með tungumálinu, t.d. þegar menn leggja sig fram um að ná tókum

¹ Sjá t.d. Robert C. Gardner og Wallace E. Lambert, *Attitudes and Motivation in Second-Language Learning*, Massachusetts: Newbury House Publishers, 1972; Robert C. Gardner, „Social Psychological Perspective on Second Language Acquisition“, *The Oxford Handbook of Applied Linguistics*, ritstj. Robert B. Kaplan, Oxford: Oxford University Press, 2002, bls. 160–169; Zoltán Dörnyei og Ema Ushioda, *Teaching and Researching Motivation*, Harlow: Pearson Education Limited, 2011.

² Robert C. Gardner og Wallace E. Lambert, *Attitudes and Motivation*, 1972, bls. 12–14.

á lestri til að geta lesið sér til gagns og gamans eða kappkosta að læra að skilja talað mál til að geta notið söngva eða leikhúsverka. Verktengdur hvati getur líka verið sprottinn af löngun eða þörf til að nota tungumálið sem tæki eða lykil til að ná öðrum markmiðum, t.d. að fá inngöngu í skóla eða stunda nám erlendis. Á hinn bóginn getur aðlögunartengdur hvati komið til af löngun til að eignast hlutdeild í eða aðlaga sig þeirri menningu eða samfélagi sem tungumálið tengist. Og enn má spyrja, hvort slíkar aðstæður hafi verið hér á landi, að þær hafi hvatt Íslendinga til að læra dönsku upp á eigin spýtur. Og hafi sú verið raunin, má velta því fyrir sér, hvers konar dönskukunnátta hafi þótt eftirsóknarverð eða skipta máli. Og þá erum við komin að kjarna málsins – þ.e. hvernig háttaði til með dönskukunnáttu Íslendinga á nítjándu öld? Hverjir lærðu dönsku og hvers vegna? Í hverju fólst málanámið og hvert var eðli dönskukunnáttunnar sem það leiddi af sér? Í hvaða tilgangi þurftu þeir að nota dönsku í leik og starfi og hvaða hliðar málsins reyndi einkum á? Sú mynd, sem dregin verður upp, verður rædd út frá samfélagslegri þróun, kenningum um hvata í málanámi og í ljósi ríkjandi kenninga um aðferðir í tungumálakennslu, en að þeim verður vikið nánar síðar í greininni. Leitast verður við að varpa ljósi á, hvaða hliðum danskrar tungu Íslendingar á nítjándu öld virðast almennt hafa haft góð tök á og hvaða þættir hafi verið þeim fjötur um fót og reynt að skýra, hvaða ástæður gætu legið þar að baki. Hér á eftir verður fyrst fjallað um dönskuslettur í máli Íslendinga og hvaða vísbendingar þær geta gefið um stöðu danskrar tungu hér á landi á nítjándu öld og viðhorf Íslendinga til málsins. Í öðrum kafla verður sjónum beint að samskiptum Íslendinga við Dani og lestri á dönsku, og í þeim þriðja að dönskukennslu í skólum á umræddu tímabili.

Dönskuslettur og dönskukunnátta

Máltækið segir að *auðlærð* eða *auðnæm sé ill danska* og er þá átt við að Íslendingar hafi haft tilhneigingu til að slá um sig með dönskum orðum eða orðatiltækjum. Með þéttbýlismyndun á nítjándu öld létu danskir kaupmenn og danskir og íslenskir embættismenn til sín taka í helstu verslunarstöðum, einkum í Reykjavík. Þar sköpuðust sérstakar aðstæður, þar sem dönsk menning og tunga kom mjög við

sögu með beinum og óbeinum hætti. Þessi hópur manna bjó við betri kjör en allur þorri almennings, auk þess sem menning þeirra, áhugamál og lífnaðarhættir voru frábrugðnir því sem almennt tíðkaðist meðal landsmanna. Margt bendir til að sumir Íslendingar hafi viljað samsama sig þessum hópi, m.a. með því að bregða fyrir sig dönsku, enda ekki laust við að það þætti fínt að sletta á dönsku í vissum „kreðsum“, þar sem slík iðja þótti til marks um meiri menntun eða sterkari þjóðfélagsstöðu en almennt gerðist. Þannig virðist sem aðlögunartengdur hvati hafi getað ýtt undir að slett var á dönsku. Til vitnis um mikil áhrif dönskunnar í Reykjavík í upphafi nítjándu aldar er lýsing Rasmusar Rask í bréfi til Bjarna Thorsteinsonar, sem hann ritaði meðan á Íslandsdvölinni stóð á árunum 1813–1815:

Annars þér einlægliga að segja held ég að íslenskan bráðum mun útaf deyia, reikna eg að valla mun nockur skilia hana í Reikiavík að 100 árum lidnum, enn valla nockur í landinu að öðrum 200 þaruppfra, ef alt fer eins og hínagad til og ecki verda rammar skordud vidreistar, jafnvel hiá bestu mönnum er annadhvört ord á dönsku, hiá almúganum mun hún haldast vid leingst.³

Í þessu sambandi má einnig nefna hugtakið „Bátsenda-danska“, sem var notað um blending af dönsku og íslensku og einkenndi málfarið innan verslunarinnar.⁴ Heimildir sýna að danska var oft notuð án þess að aðstæður krefðust þess. Þannig fóru bréfaskipti íslenskra embættismanna stundum fram á dönsku, og oft var dönsku slett að því er virðist af skeytingarleysi eða til sjálfsupphafningar.⁵ Í öðrum tilvikum gátu aðrar ástæður legið að baki því að gripið var til dönsku, t.d. þegar mönnum varð orða vant vegna þess að nýyrði voru ekki til í íslensku eða þau höfðu enn ekki náð að festa sig í sessi. Vísbendingar um slíkt má víða finna í bréfum

³ Rasmus Rask, *Breve fra og til Rasmus Rask* I. 1805–1819, ritstj. Louis Hjelmslev, Kaupmannahöfn: Ejnar Munksgaards Forlag, 1941, bls. 164.

⁴ Jón Helgason, *Þeir, sem settu svip á bæinn : endurminning frá Reykjavík uppvaxtarára minna*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1941, bls. 69–70.

⁵ Jón Guðmundsson, „Um mál vort Íslendinga“, *Ný félagsrit* 9/1849, bls. 69–85 og 11/1849, bls. 54–63.

Íslendinga, sbr. eftirfarandi tilvitnun í bréf Páls Melsteð til Jóns Sigurðssonar frá árinu 1841:

En ég skammast mín nú bróðir minn fyrir kvabbið, sem nú kemur. En í þeirri von að þú sért frískur og af því konan mín segir að allt, sem þú hafir sent hér inn, sè svo vel valið og keypt, þá biðjum við þig nú að útvega »Kaabe« handa henni, helst vill hún að í henni sè »figurert Merinoh« sona hërumbil í móð; það lætur maður sèr nú hægt um, og á litinn eins og önnur hvor af innlögðum Pröver. Ekki samt ljósari, heldur en sú ljósari er. En fáist ei þessi litur, þá skalt þú aldeilis ráða honum, bróðir minn. Það sem henni er mest um að gjöra, er að það sè figurerað; og með kögri eða frunsum á slaginu (gott er málið!) þykir henni fallett.⁶

Athugasemdin „gott er málið!“ bendir til að Páll hafi ekki haft á takteinum íslensk orð til að lýsa nýttísku kvenfatnaði þessa tíma.

Eins og sjá má af tilvitnuninni í bréf Rasks hér að framan var tilhneigingin til að sletta sögð meiri í kaupstöðum og helstu verslunarstöðum en til sveita, enda samskipti við danska menn meiri þar en á landsbyggðinni. Áhrif frá dönsku má einnig sjá í fjölmörgum textum íslenskra embættis- og menntamanna, ekki síst á nítjándu öld, þar sem oft úir og grúir af alls kyns slettum. Dönsk áhrif á málfar embættismanna takmörkuðust þó ekki einungis við orðaforða heldur gætti þeirra einnig í setningagerð eins og textar sumra þeirra bera með sér, sbr. hinn svonefnda „kansallístíl“ sem ein-kennist af löngum setningum oft með innskotum og undirskipuðum setningum, og gerði stíllinn þunglamalegan og tyrfinn. Íslendingar sóttu sér fyrirmynd að embættismannastílnum til danskra kollega sinna, sem aftur á móti voru undir áhrifum frá Þjóðverjum. Nefna má að margt er líkt með stöðu þýsku í Danmörku á átjándu og nítjándu öld og danskrar tungu hér á landi, en heimildir sýna að margir töldu dönskunni standa ógn af þýsku, og var þá oft vísað til ógrynnis tökuorða í málinu. Með aukinni þjóðernisvitund skáru danskir hreitungustefnumenn upp herör gegn þýskum áhrifum og kappkostuðu að dönsk orð leystu þau þýsku af hólmi (sjá nánar

⁶ Páll Melsteð, *Brjef frá Páli Melsteð til Jóns Sigurðssonar*, Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1913, bls. 14.

Skautrup⁷ og Winge⁸). Íslendingar í Kaupmannahöfn voru í návígi og tileinkuðu sér kenningar um þýðingu móðurmálsins fyrir þjóð-ernið, en skrif þeirra, einkum í *Ármani á Alþingi* og *Fjölni*, kyntu síðan undir þjóðernisvitund Íslendinga eins og lesa má í ritstjóra-ávarpi Sveinbjarnar Hallgrímssonar⁹ í fyrsta tölublaði *Þjóðólfs*¹⁰:

Þessi köll og hnippingar, sem þá hafa átt að vekja oss Íslendinga, segi jeg úr hafi komnar að því leyti, sem mjer virðast hinar þjóðvekjandi raddir hafi borizt til vor yfir langan sjó í ritum frá fjarlægju landi. Það hafa orðið til þess nokkrir Íslendingar, sem dvalið hafa í Kaupmannahöfn, að bera oss það á brýn, að vjer svæfum, og sinntum ekki þjóðerni voru, og þeir hinir sömu hafa tekið sig fram um það að vekja oss til þjóðlegs lífs. Hver sem lesið hefur Ármann á alþingi og Fjölni, getur víst ekki borið á móti því, að þessi rit eru stíluð til vor Íslendinga, til að vekja oss huga um þjóð-erni vort. Og þessi rit byrjuðu á því að leiða huga vorn einmitt að því, sem er undirstaða þjóðernisins, en það er móðurmálið. Mig minnir ekki betur, en Ármann á alþingi sýni oss það berlega, hversu hlægilegt það er, þegar vjer Íslendingar erum að bögglast við að sletta dönskunni í daglegu tali. Aptur setur Fjölni [sic] ofan í við oss fyrir það, hversu hirðulausir vér erum með bókmál vort, og hann lætur sjer annt um að kenna oss að vanda málið á öllu, sem vjer ritum.

Þess má geta að sömu straumar bárust einnig að Noregsströndum, þar sem vaxandi þjóðernishygga leiddi til gagnrýni á áhrif danskrar tungu á norsku.¹¹

⁷ Peter Skautrup, *Det danske sprogs historie*, þriðja bindi, Kaupmannahöfn: Gyldendalske Boghandel, Nordisk Forlag, 1953, bls. 143–153.

⁸ Vibeke Winge, „Dansk og tysk 1790–1848“, *Danske Identitetshistorie 2. Et yndigt land 1789–1848*, ritstj. Ole Feldbæk, Kaupmannahöfn: C.A. Reitzels Forlag, 1991, bls. 110–149.

⁹ Sveinbjörn Hallgrímsson var fæddur í Görðum á Álftanesi árið 1815 og hann lést í Eyjafirði árið 1863. Frá láti föðurins (1825) ólst Sveinbjörn upp hjá móðurbróður sínum, Sveinbirni Egilssyni, þá kennara við Bessastaðaskóla. Sveinbjörn stundaði nám við Bessastaðaskóla og lauk þaðan námi með góðum vitnisburði. Að því loknu undirbjó hann nemendur undir nám í Bessastaðaskóla, en tók síðan prestvígslu og gegndi prestsstörfum hér syðra og síðar nyrðra, lengst af á Glæsibæ. Sveinbjörn var fyrsti ritstjóri *Þjóðólfs*, og gaf um tíma út fréttablaðið *Ingólf*. Sveinbjörn var höfundur að fyrstu kennslubókunum í dönsku („Ritstjórar Þjóðólfs. 1848–1898“, *Þjóðólfur*, 1898, 50. árg., nr. 51–52, bls. 207), sjá nánar um þá útgáfu síðar í þessari grein.

¹⁰ Sveinbjörn Hallgrímsson, „Guð gefi yður góðan dag“. *Þjóðólfur* 1(1)/1848, bls. 2.

¹¹ Rasmus Glenthoj, *Skilmissen : dansk og norsk identitet før og efter 1814*, Odense: Syddansk Universitetsforlag, 2012, bls. 287–303.

Í umræðu um dönskukunnáttu Íslendinga er stundum látið að því liggja að dönskuslettur í máli þeirra séu til marks um góða kunnáttu í málinu. Sú getur vitaskuld verið raunin, en þó er ástæða til að gjalda varhug við að draga slíkar ályktanir gagnrýnislaust. Í því sambandi má benda á að enskar slettur í íslensku nútímamáli þurfa alls ekki að vera til vitnis um mikla enskukunnáttu þeirra sem þær viðhafa. Einnig gefa dæmi um afbakanir algengra danskra orða í munni Íslendinga til kynna, að stundum hafi þeir ekki með öllu skilið merkingu dönsku orðanna eða jafnvel misskilið hana hrapalega. Nefna má tökuorðin „kartöflumús“/„kartöflumós“ (kartoffelmos) og „lagó“ (lad gå) og einnig „kryddsíld“ (krydsild), svo tekið sé nýlegra dæmi um misskilning af þessum toga. Rétt er að undirstrika að mikill munur er á því að sletta einu og einu orði á dönsku, þegar íslenska er töluð, og vera fær um að skilja talaða og ritaða dönsku og geta tjáð sig lipurlega á málinu í ræðu og riti.

Samskipti við Dani og lestur á dönsku

Fram um miðja átjándu öld voru örfáir Danir með fasta búsetu á Íslandi. Breyting varð þar á með tilkomu Innréttinga Skúla Magnússonar, en þá flutti nokkur fjöldi danskra iðnaðarmanna til landsins og settist að í Reykjavík og nágrenni. Öllu afdrifaríkari urðu þó breytingar á málefnum verslunarinnar á áttunda og níunda áratug aldarinnar. Fram til ársins 1776 var dönskum kaupmönnum ekki heimilt að búa hérlendis yfir vetrarmánuðina, en frá og með árinu 1777 var þeim frjálst að setjast hér að ásamt fjölskyldum sínum. Árið 1786 fengu Reykjavík og 5 aðrir verslunarstaðir, Grundarfjörður, Ísafjörður, Eyjafjörður (Akureyri), Eskifjörður og Vestmannaeyjar, kaupstaðaréttindi, sem skapaði enn frekari skilyrði fyrir fasta búsetu danskra manna í landinu.¹² Verslunarstéttin var á fyrri hluta nítjándu aldar að miklu leyti dönsk og allt skráð á dönsku í verslunarbækurnar. Íslenskir verslunarmenn þurftu að semja sig að þessum aðstæðum.¹³ Æðstu embættismenn voru framan af danskir,

¹² Lýður Björnsson, „18. öldin“, *Saga Íslands VIII*, ritstj. Sigurður Línadal, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2006, bls. 3–289, hér bls. 246.

¹³ Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*. Fyrri bindi, Reykjavík: Fjelagsprentsmiðjan, 1929, bls. 259.

en þeir voru fáir og höfðu oft takmarkaða búsetu í landinu. Frá því um miðja átjándu öld fóru Íslendingar einnig að gegna æðstu embættum. Vegna tengsla við Danmörku gegndi danska mikilvægu hlutverki í stjórnslunni og þar reyndi á kunnáttu í að skilja og rita texta. Mörg dæmi eru um að íslenskir embættismenn hafi ritað embættisbréf á dönsku til stiftsfyrvalda og kansellisins í Kaupmannahöfn og einnig voru bænaskjöl oftast rituð á dönsku. Hér er þess þó að gæta að sumar tegundir embættisbréfa eru föst í formi eða allt að því formúlukennd, og orðaforði og málsnið lærast því fljótt. Öðru máli gegndi um æðstu embættin – þeim fylgdu umfangsmikil skrif og flókin. Skrifarastörfin voru t.d. sögð á færi fárra Íslendinga.¹⁴ Einnig ber að nefna að þau mál sem var skotið til Hæstaréttar Danmerkur þurfti að þýða á dönsku. Slíkir textar gátu verið langir og flóknir og kröfðust bæði leikni og kunnáttu í að skrifa á dönsku. Eðli málsins samkvæmt voru slík verkefni tæpast á færi annarra en þeirra, sem höfðu trausta undirstöðu í málinu oftast vegna náms og dvalar í Danmörku. Með auknu sjálfstæði á níttjándu öld breyttust viðhorfin¹⁵ smám saman og danskan vék fyrir íslensku í stjórnslunni og víðar.

Þegar Danir fóru að búa hér að staðaldri jukust samskipti þeirra við heimamenn, og þegar aðsetur æðstu embættismanna voru flutt til Reykjavíkur, þar sem þéttbýli var að myndast, sköpuðust þar sérstök skilyrði fyrir danskt menningarumhverfi.¹⁶ Margir íslenskir mennta- og embættismenn voru dansksinnaðir og hallir undir danskt yfirvald. Notkun dönsku gat verið til marks um það, og einnig að sumir Íslendingar hafi viljað skapa sér stéttarlega sérstöðu og aðgreina sig frá öðrum þjóðfélagshópum. Í samskiptum við

¹⁴ Kristmundur Bjarnason, *Amtmaðurinn á einbúasetrinu : ævisaga Gríms Jónssonar*, Reykjavík: Iðunn, 2008, bls. 245.

¹⁵ Sjá nánar: Auður Hauksdóttir, *Lærereis strategier – elevernes dansk : dansk som fremmedsprog i Island*, Kaupmannahöfn: Nordisk Ministerråd, 2001, bls. 19–29 og Auður Hauksdóttir, „Language and the Development of National Identity. Icelanders’ attitudes to Danish in turbulent times“, *Made in Denmark. Investigations of the dispersion of ‘Danishness’*. KULT 11, ritstj. Lene Bull Christiansen, Kirsten Hvenegård-Lassen og Nanna Kirstine Leets Hansen, 2013, bls. 65–94. <http://postkolonial.dk/kult-11-made-in-denmark-investigations-of-the-dispersal-of-danishness/> [sótt 19. desember 2014].

¹⁶ Sjá nánar: Auður Hauksdóttir, „Danske minder i Island. Om mødet mellem dansk og islandsk kultur“, *Danske studier – tidsskrift for dansk sprog, studier og folkeminder* 106/2011, bls. 5–49.

Dani og með þátttöku í félags- og menningarlífi þeirra fólust tækifæri til dönskunáms fyrir Íslendinga, og oft er vikið að því í heimildum að þeir sem bjuggu í Reykjavík hafi kunnað meira fyrir sér í dönsku en fólk til sveita. En hvað er átt við, þegar sagt er, að Íslendingar hafi kunnað eða haft vald á dönsku? Hvernig lærðu þeir málið, og til hvers notuðu þeir það? Margt bendir til þess að dönskukunnátta Íslendinga almennt hafi verið takmörkuð fram á seinni hluta átjándu aldar. Öðru máli gegndi vitaskuld um þá, sem dvöldu í Danmörku um lengri eða skemmri tíma, t.d. vegna náms eða starfa. Í bókinni *Saga Reykjavíkur*, skrifar höfundurinn Klemens Jónsson¹⁷ að flestir íbúar í Reykjavík á fyrri hluta nítjándu aldar, sem alist höfðu upp í bænum eða nágrenni hans, kynnu dálitla dönsku. Þar hafa samskipti við danska menn skipt sköpum, en einnig félags- og skemmtanalíf þeim tengt, t.d. klúbbastarfsemi og leikhús, þar sem stundum var leikið á dönsku. Af heimildum má ráða að fáir Íslendingar, sem ekki höfðu dvalið ytra eða átt í beinum samskiptum við danska menn yfir lengri tíma, hafi haft góð tæk á að tala dönsku, og að það hafi valdið þeim erfiðleikum, þegar reyndi á slíka kunnáttu. Dæmi þess efnis má finna í endurminningabók Benedikts Gröndals, *Dægradvöl*. Höfundur, sem ólst upp á Álftanesi, skrifar að hann hafi lítið sem ekkert geta talað dönsku þar sem hann hafi hverfandi heyrt hana talaða, en að lestur á málinu hafi ekki vafist fyrir honum, sbr.:

Þorsteinn Jónsson settist að í Reykjavík, þegar hann fór frá okkur, og fékk til sölu ýmsar danskar bækur; sumar af þeim fékk ég, svo sem kvæði Oehlenschlägers og nokkrar skáldsögur eftir hann; en dönsku lærðum við ósjálfrátt af bókum, og komst ég fljótt upp á að rita hana, en ég lærði ekki að tala hana né skilja framburðinn fyrr en löngu seinna, eftir að ég var kominn til Kaupmannahafnar, og búinn að vera þar nokkra stund, því heima heyrdi ég aldrei danskan mann tala, svo nokkuð munaði um eða ég gæti numið af.¹⁸

Í öðru samhengi víkur Benedikt að takmarkaðri dönskukunnáttu sinni, þegar hann átti rétt fyrir utanför sína árið 1846 samskipti við

¹⁷ Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, bls. 253.

¹⁸ Benedikt Gröndal, *Dægradvöl*, Reykjavík: Mál og menning, 1965, bls. 46–47.

danskan mann, Birch að nafni, en sá „hafði verið fenginn til landsins til að byggja vindmyllu þá, sem lengi stóð í Þingholtum skammt frá Bakarastígnum (Bankastræti). Eitthvað töluðum við saman, þótt ég ekki kynni að tala dönsku þá og skildi málið varla, er talað var (á bækur og rit var ég allt öðruvísi)“.¹⁹

Vafalítið hafa þeir sem bjuggu í Reykjavík og á öðrum stöðum þar sem reyndi á samskipti við Dani orðið betri í dönsku en þeir, sem ekki komust í snertingu við málið. Þó ber að varast að taka of djúpt í árinna eða draga of víðtækar ályktanir af áhrifum slíkra samskipta á dönskukunnáttu Reykvíkinga almennt. Vafalítið hefur menntun, staða og stétt ráðið miklu um eðli og umfang samskiptanna. Því til stuðnings má nefna frásögn Ágústs Jósefssonar, sem var fæddur árið 1874 og ólst upp í Reykjavík frá 6 ára aldri. Hann lærði prentið hjá Birni Jónssyni ritstjóra og var meðal þeirra fjölmörgu ungmenna, sem fóru utan um aldamótin 1900 til að auka menntun og reynslu í starfsgrein sinni. Um dönskukunnáttu sína segir hann:

Áður en ég fór að heiman var dönskukunnátta mín mjög í molum, en gat þó skilið og gert mig skiljanlegan í nauðsynlegustu samskiptum við Dani. Þegar til Hafnar kom varð ég vegna atvinnu minnar að leggja mikla rækt við að læra dönsku og framburð málsins til hlýtar [sic]. Þetta var all erfitt í fyrstu, en samt tókst mér hvorttveggja svo að vel dugði á tiltölulega skömmum tíma.²⁰

Þetta sýnir, hve mikill munur er á því að geta bjargað sér á dönsku í þekktum aðstæðum og að geta notað hana til alhliða samskipta við Dani í leik og starfi. Dæmið er einnig til vitnis um að kunnátta í tal-máli var mikilvæg fleirum en þeim sem fóru utan í háskólanám.

Eftir því sem líður á nítjándu öldina virðast æ fleiri hafa getað lesið sér til gagns og gamans á dönsku. Fyrir því liggja nokkrar ástæður. Um aldamótin nítján hundruð varð gríðarleg aukning á útgáfu alls kyns prentaðs efnis á dönsku í Danmörku, m.a. kennsluefnis, fagurbókmennta, fræðiritra, tímarita og annars fjölmiðlaefnis,

¹⁹ Sama rit, bls. 111.

²⁰ Ágúst Jósefsson, *Minningar og sviþmyndir úr Reykjavík*, Reykjavík: Prentsmiðjan Leiftur, 1959, bls. 137.

og ekkert lát var á þeirri þróun út öldina. Vegna tengslanna við Danmörku hafði þessa mikla aukning á útgáfu veraldlegs samtímaefnis mikil áhrif hér á landi. Með tilkomu lestrarfélaga, sem fyrst urðu til undir lok átjándu aldar, jókst bókakostur á dönsku, en margt bendir til þess að það hafi einkum verið menntamenn, sem hafi gengið í lestrarfélögin, enda þurfti að greiða til þeirra félagsgjöld, sem var fátæku fólki ofviða. Þá voru flestar bækur á erlendum málum, sem fáir óskólagengnir menn voru sagðir læsir á (Lúðvík Kristjánsson²¹ og Helgi Magnússon²²). Vettvangur fyrir umfjöllun um málefni líðandi stundar var enn ekki til og því voru slík blöð eftirsótt. Árið 1805 var stofnað lestrarfélag í Skagafirði, þar sem m.a. voru keypt *Berlingske Aviser*, *Maanedskriftet* og *Dagen*.²³ Fjöldi annarra heimilda sýnir að danskt lesefni af ólíkum toga hefur borist hingað til lands og að það hafi verið eftirsótt af þeim sem þyrsti í fróðleik og höfðu unun af lestri. Oft voru Íslendingar í Höfn beðnir um að kaupa bækur, blöð, tímarit og annað lesefni og senda til Íslands. Í bréfi til föður síns, sem Konráð Gíslason ritaði frá Kaupmannahöfn 3. maí 1832, skrifar hann að „Digtekunsten er hér hvörgi fánlig á bókhöndum, en eg vona með tímanum að geta máské fengid hana á Áksión“.²⁴ Ósjaldan er fjallað um sendingar til landsins, sem höfðu að geyma dönsk blöð og tímarit sem oft gengu frá manni til manns. Lítum á nokkur dæmi. Í bréfi Ingibjargar Jónsdóttur til Gríms bróður síns, frá árinu 1835, vísar hún að dagblaðapakka, sem hann hafði sent henni²⁵ og í bréfi Brynjólfs Péturssonar til Jens bróður síns frá árinu 1844 stendur: „Ekki veit jeg hvað jeg ætti að skrifa þjer og kalla frjettir. Jón Sigurðsson sendir þjer Berlinginn og Föðurlandið, og þar eru í allar frjettirnar.“²⁶ Og

²¹ Lúðvík Kristjánsson, *Vestlendingar*. Fyrri bindi, Reykjavík: Heimskringla, 1953, bls. 143–157.

²² Helgi Magnússon, „Fræðafélög og bókaútgáfa“, *Upphýsingin á Íslandi : tíu ritgerðir*, ritstj. Ingi Sigurðsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1990.

²³ Lúðvík Kristjánsson, *Vestlendingar*, bls. 143–145.

²⁴ Konráð Gíslason, *Bréf Konráðs Gíslasonar*, Aðalgeir Kristjánsson bjó til prentunar, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1984, bls. 18.

²⁵ Ingibjörg Jónsdóttir, *Húsfreyjan á Bessastöðum : bréf Ingibjargar Jónsdóttur til bróður síns, Gríms amtmanns*, útg. af Finni Sigmundssyni, Reykjavík: Hlaðbúð, 1946, bls. 157.

²⁶ *Bréf/Brynjólfur Pétursson*, útg. Aðalgeir Kristjánsson, Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1964, bls. 69.

einnig má nefna bréf Þorsteins Pálssonar²⁷ á Fnjóská til Jóns Sigurðssonar frá árinu 1847, þar sem hann segist hafa lesið um málefni verslunarinnar í Færeyjum í Berlingablöðunum. Undir lok aldarinnar náðu dönsk tímarit og kvennablöð miklum vinsældum. Í *Kvennablaðinu* frá árinu 1895 má finna auglýsinguna „Útlend blöð“²⁸ frá bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, þar sem segir:

Hin almennustu útlendu blöð, sem mest eru keypt hjer á landi, eru þau, sem hjer eru talin, og er verð þeirra og innanlands burðargjald þannig: „Illustreret Familie Journal“, árgangurinn 5 kr. Burðargjald kr. 2,25. „Nordstjernen“, árgangurinn 5 kr. Burðargjald kr. 1,86. „Nordisk Mönstertidende“, árgangurinn kr. 2.40. Burðargjald 75 aur. „Dametidende“, árgangurinn 4 kr. Burðargjald 45 aur.

Auk þess að lesa sér til fróðleiks eða afþreyingar reyndi á lestrarfærni hjá embættismönnum, þegar þeir þurftu að kynna sér danskt efni, t.d. lagatexta og dóma, eins og sjá má af bréfi Páls Melsteðs til Jóns Sigurðssonar frá árinu 1848:

... það verður þú að brúka, ekki fyrir þig, heldur til bókakaupa fyrir mig. Fáir jeg Strandasýslu, þá áttu að kaupa Bangs Proces prentaða; jeg held hann fáist fyrir 14 rd. Eða so þarumbil. Dönskulög Chr. 5, Hansens Skiftevæsen seinustu útgáfu. Á þessu liggur mér helzt. Elskan mín góð, láttu mér ekki bregðast að útvega mér þessar bækur, ef sýslan fæst. Fáist hún ekki, so fæ jeg aldrei sýslu, og þá má fjandinn kaupa þessar bækur; en kauptu þá fyrir mig Beckers veraldarsögu, eða eitthvað sem þer sýnist, mäske Thiers sögu af Napóleoni keisara.²⁹

En áhuginn á að lesa á dönsku virðist ekki einungis hafa verið bundinn við menntamenn. Fjölmörg dæmi eru um að óskólagengnir menn hafi lært að lesa á dönsku upp á eigin spýtur, og að hvatinn til að læra málið hafi verið mikill. Lestarfærni á dönsku gaf tækifæri til afþreyingar og til að afla sér fróðleiks, og gat jafnframt verið lykill að öðrum færniþáttum eins og að skrifa og tala málið. Hér verður að hafa í huga að danska og íslenska eru náskyld mál og grunnorða-

²⁷ Þorsteinn Pálsson, „Bréf Þorsteins Pálssonar“, *Bréf til Jóns Sigurðssonar* I, ritstj. Bjarni Vilhjálmsson o.fl., Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, 1980, bls. 126–153, hér bls. 133.

²⁸ „Útlend blöð“, *Kvennablaðið* 1(4)/1895, bls. 32.

²⁹ Páll Melsteð, *Brjef frá Páli Melsteð til Jóns Sigurðssonar*, bls. 82.

forði að stórum hluta sameiginlegur, auk þess sem líkindin milli málanna eru sláandi í rituðu máli. Fyrsta kennslubókin í dönsku fyrir Íslendinga var gefin út árið 1853 af Sveinbirni Hallgrímssyni, og er heiti hennar *Dálítill dönsk lestrarbók : með íslenzkeri þýðingu og orða skýringum, ætluð þeim, sem tilsagnarlaust byrja að læra dönsku*. Í formála bókarinnar vîkur höfundur að áhuga Íslendinga á að læra dönsku og ástæðum þess að hann réðst í útgáfuna:

Trauðlega verður það heldur sagt með sanni, að Íslendingar sjeu svo frábitnir bóknámi, að til einskis hefði verið að selja þeim í höndur nokkra bók, sem kenndi þeim að skilja tungu Dana. Jeg get borið það, síðan jeg kom hingað til bæjarins, að ekki svo fáir leikmenn – helzt efnilegir unglingsmenn úr sveit hafa lagt mikinn hug á að læra að skilja dönsku; hafa sumir þeirra, sem áttu hjer dvöl, farið þess á leit, að fá hjá mjer tilsögn í henni, en sumir hafa að eins beðið mig, að benda þeim á einhverja bók, sem þeir hægast gætu lært að skilja af málið tilsagnarlaust; og mjer hefur virzt, eins og raunar við er að búast, löngun þessi fara í vöxt. Jeg hef líka áður orðið var við þessa löngun hjá mönnum, því jeg hef þekkt bændur – og það búsyslumenn – sem hafa gefið sjer tíma til að lesa í dönskum bókum með þeirri alúð, að þeir að kalla tilsagnar- og hjálparlaust lærðu að skilja málið.

Þessi hrósverða löngun og viðleitni landa minna „að komast ögn niður í dönsku“, eins og þeir kalla, hefur nú komið mjer til þess að gefa út þessa litlu Lestarbók; jeg ímyndaði mjer, að hún gæti verið þeim eins handhæg og t.a.m. Spurningarkverið danska, sem jeg hef einatt verið beðinn að útvega handa þeim, er tilsagnarlaust vildu læra dönsku. Jeg þekki margar lestrarbækur á öðrum málum, líkar þessari, sem hjer kemur nú á gang, en enga að öllu leyti eins; og segi jeg það ekki í þeirri veru, að jeg álíti þessa betri enn allar hinar; en hitt er það, jeg hugsaði, að flestar, ef ekki allar þess konar lestrarbækur í öðrum löndum, er menn skyldu læra af annað tungumál, væru einkum ætlaðar til þess að lesast í skólum, þar sem tilsögn kennarans gæti skýrt það, sem ekki væri nógu ljóst í bókinni sjálfri. Jeg hjelt nú, að ekki mundi alls kostar tjá, að haga lestrabók fyrir leikmenn á Íslandi á sömu leið, með því að þar var eigi ætíð kostur á „að fara í smiðju“ eins og menn segja; og þess vegna hagaði jeg bók þessari svo, að hún gæti að mestu skýrt sig sjálf; jeg gjörði hana svo auðvelda, sem mjer var unnt og mjer þókti þörf á, þar sem jeg ætlaði hana **þeim einum, sem**

hugsuðu sjer að fá tilsagnarlaust hinn fyrsta skilning á dönsku máli, eða þá unglíngum, sem allra fyrst byrjuðu að læra það með tilsögn.³⁰

Þessi fyrsta íslenska kennslubók í dönsku inniheldur kafla með lestrarreglum, þar sem danskir bókstafir og hljóð þeirra eru kynnt og rædd í samanburði við íslensku, textana átti sem sagt að lesa með dönskum framburði. Auk þess inniheldur bókin ýmsa leskafla, m.a. spakmæli og heilræði og stuttar frásagnir af ólíkum toga, ásamt þýðingum eða orðskýringum á íslensku í tengslum við textana. Bók Sveinbjarnar var endurútgefin árið 1856 og þá undir heitinu *Dönsk lestrarbók handa unglíngum*. Í formála skrifar Sveinbjörn að hann hafi heitið því, þegar fyrri bæklingurinn hafi verið gefinn út, að fengi hann góðar viðtökur ætlaði hann sér að gefa út annan fullkomnari. Góðar viðtökur hafi ekki látið á sér standa: „12 hundraða upplag seldist hjer um bil á ári. Síðan hafa margir spurt eptir honum, og því hefi jeg nú ráðið í að láta prenta nýja lestrarbók, stækkaða um helming; vona jeg að hún geti verið námsfúsum unglíngum til ljettis og leiðarvísis.“³¹ Hér er ástæða til að vekja sérstaka athygli á stærð upplagsins, sem var 1200 eintök og nánast uppselt. Það er ekki lítil fjöldi, þegar horft er til þess að íbúafjöldi á landinu árið 1850 var 60.416 manns, og þar af bjuggu 1149 í Reykjavík og 3855 í nærliggjandi sveitarfélögum.³² Nýr titill bókarinnar gæti tengst áhuga ungmenna til að menntast, en í því samhengi gegndi dönskukunnátta lykilhlutverki. Hvatann til að lesa á dönsku má einnig skýra með áhuga á lestri bókmennta og takmörkuðu framboði af veraldlegum samtímategnum á íslensku, sem tökuorðin „natúralismi“, „nóvella“, „póesía“, „póesibók“, „róman“, „rómantík“ og önnur orð bókmenntalegs eðlis eru til vitnis um, og komu inn í málið á níttjándu öld.³³ Það er athyglisvert, að höfundurinn er sá hinn sami, sem örfáum árum fyrr hafði varað við ótæpilegri notkun danskra slettna í

³⁰ Sveinbjörn Hallgrímsson, *Dálítill dönsk lestrarbók : með íslenzkeri þýðingu og orða skýringum, atluð þeim, sem tilsagnarlaust byrja að læra dönsku*, Reykjavík: Einar Þórðarson, 1853, bls. I–II.

³¹ Sveinbjörn Hallgrímsson, *Dönsk lestrarbók handa unglíngum*, Akureyri: Prentsmiðja Norður- og Austur –umdæmisins af H. Helgasyni, 1856, bls. III.

³² *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, ritstj. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1997, bls. 58 og 86.

³³ Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók*, Reykjavík: Orðabók Háskólans, 1989, bls. 660, 675, 718 og 772.

máli Íslendinga. Þetta bendir til þess að ekki þurfti að vera togstreita á milli þess að hvetja til og stuðla að dönskukunnáttu og sýna móðurmálinu tilhlýðilegan sóma.

Hér að framan var vikið að áhuga sveitamanna á að læra að lesa á dönsku. Rétt er að ítreka, hve lítið var til af veraldlegu samtímaefni á íslensku á nítjándu öld og hve miklu skipti fyrir fróðleiksfúst fólk að geta lesið sér til gagns og gamans á öðrum málum. Á árunum 1889–1902 ráku bændur á Norðausturlandi bókafélag, sem kallað var „Ófeigur í Skörðum“. Í bókaskrá þess má finna lista yfir fjölda danskra og norskra bóka, jafnt fagurbókmennta sem fræðandi efnis af ólíkum toga, t.d. um heimspeki, sögu og stjórnmál. Margar bókanna eru þýddar af erlendum málum á dönsku. Meðal skáldverka má nefna bækur eftir danska samtímahöfundum, t.d. Herman Bang, St. St. Blicher og Henrik Pontoppidan.³⁴ Í grein um Seyðisfjörð um aldamótin 1900 skrifar Þorsteinn Erlingsson: „Margir skilja og dönsku, og hér hefir þessi árin verið tiltölulega fjölment lestrarfélag og kynt menn þó dálítið ýmsu, sem nýtt hefir birzt í sagnaskáldskap Dana og Norðmanna.“³⁵ Ekki var þó allt eins og best varð á kosið að mati höfundar, bókakostur safnsins í Austuramtinu rýr og þar að finna

sumt af lélegasta ruslinu úr bókagerð Dana, sem legið hefir hjá útgefendum og enginn keypt. Ein og ein bók hefir slæðst með eftir kunna menn, mest skáldrit, smárusl t.d. eftir Drachmann, en ekki ein lína eftir Georg Brandes né Björnsson og aðeins I bók eftir Troels Lund, svo nefnd séu dæmi. Að vísindabókum eða öðrum fræðibókum almennum er til lítills að leita. Almenn bókmentasaga er þar engin, almenn náttúrusaga heldur ekki og í veraldarsögu Cantu gamli einn, menningarsaga almenn engin heldur, og þá er ekki að spyrja um landafræði eða eðlisfræði, sem lið sé að, og svona má rekja á enda, og útlend tímarit engin nema »Historisk Arkiv« (Granzow og Thrige) og eitt og eitt ár. Úr »Tilskueren« er t.d. 8. árið eitt.³⁶

³⁴ Sveinn Skorri Höskuldsson, „Ófeigur í Skörðum og félagar: drög að athugun á bókafélagi“, *Skírnir* 144/1970, bls. 34–110, hér 67–80.

³⁵ Þorsteinn Erlingsson, „Seyðisfjörður um aldamótin 1900“, *Eimreiðin* 9(2)/1903, bls. 85–110, hér bls. 105.

³⁶ Sama heimild, bls. 105–106.

Þorsteinn Erlingsson var menntaður maður, stúdent frá Lærða skól-
 anum og hafði m.a. stundað nám í lögum og tungumálum í Höfn. Þótt Þorsteini Erlingssyni hafi þótt eftirsóknarverðara að bjóða upp
 á lærðari rit en mánaðarrit á borð við *Tilskueren* og *Historisk Arkiv*,
 sem ætluð voru almenningi, og veigameiri skáldskap en þann sem
 hann nefnir, er danski safnkosturinn engu að síður til vitnis um
 áhuga Íslendinga á að lesa sér til gagns og ánægju á dönsku. Þó mik-
 ill munur sé á töluðu og rituðu dönsku máli, hefur lestrarkunnátta
 vafalítið stuðlað að orðaforðakunnáttu og auðveldað Íslendingum
 að skilja og tala málið í aðstæðum þar sem reyndi á slík samskipti.
 Rétt er þó að minna á að langt fram eftir öldinni voru íbúar í bæjum
 hlutfallslega fáir, og þó Danir og dönsk menning hafi verið áberandi
 á helstu verslunarstöðunum, átti einungis lítill hluti landsmanna í
 miklum og stöðugum samskiptum við þá. Engu að síður gátu óbein
 tengsl og þau tækifæri sem fólust í dönskukunnáttu hvatt til sjálfs-
 náms í málinu eins og sjá má af lýsingu Kristínar Dalstedt (fædd
 1876) á dönskunámi hennar og bróður hennar á bernskuheimili
 þeirra skammt frá Þingeyri:

Ég las margar bækur þennan vetur og sá Ingibjartur bróðir mér fyrir nægu
 lestrarefni. Hann var mjög bókelskur og fékk lánaðar bækur úti á Þingeyri.
 Lagði hann sig mikið eftir að læra dönsku, og varð það til þess, að ég fór
 einnig að fást við það. Höfðum við bæði áhuga á að geta talað sem bezt
 við þá dönsku, er þeir kæmu til Þingeyrar næsta sumar. Ingibjartur hafði
 þá þegar náð nokkurri æfingu í að tala norsku, þar sem hann hafði verið í
 Framnesi, og nú hafði hann löngun til að komast í skiprúm á einhverjum
 dönsku kúttaranna á Þingeyri um sumarið. Sjálf hafði ég borið það við að
 babbla dönsku sumarið áður. Okkur Ingibjarti varð allvel ágengt við
 dönskunámið. Við vorum um flest mjög samhent, lásum saman og reynd-
 um að ræðast við á dönsku, og varð það okkur hálfgerður leikur, sem
 stuðlaði að því jafnframt, að okkur sóttist betur námið en annars hefði
 orðið. Ekki höfðum við neinar kennslubækur, og var okkur það æði erfitt
 að ráða fram úr, hvað orðin þýddu. Aðallega lásúm við eina skáldsögu,
 sem ég man ekki lengur hvað hét, en hún var eftir Victor Hugo. Við kom-
 umst aldrei yfir að lesa hana alla, enda þótti okkur hún býsna torskilin á
 köflum, svo mikið man ég.³⁷

³⁷ Hafliði Jónsson, *Kristín Dahlstedt veitingakona: endurminningar*, Reykjavík: Bókaútgáfan Muninn, 1961, bls. 56.

Þörf Íslendinga og löngun til að geta lesið og skilið danska texta, sem hér hefur verið lýst, er vafalítið ein ástæða þess að á níttjándu öld voru gefnar út þrjár orðabækur milli dönsku og íslensku.³⁸ Aukin umsvif Dana í landinu og sókn Íslendinga í nám og störf í Danmörku kölluðu þó einnig á annars konar færni í málinu. Það liðu þó áratugir þangað til Íslendingar gátu gengið að íslenskri-danskri orðabók til að auðvelda þeim að tjá sig í ræðu og riti. Útgáfa orðabókar Sigfúsar Blöndals markaði þar tímamót.

Dönskukennsla í skólum

Eftir siðaskiptin fóru íslenskir námsmenn í vaxandi mæli að sækja sér menntun til Danmerkur og óhætt er að fullyrða að Kaupmannahafnarháskóli eða Hafnarháskóli eins og hann var jafnan kallaður hafi verið mikilvægasta lærdóms- og menningarsetur Íslendinga allt fram að því að Háskóli Íslands var stofnaður og Ísland hlaut sjálfstæði. Frá stofnun Regensen eða Garðs á þriðja áratug sauttjándu aldar til ársins 1918 nutu íslenskir stúdentar styrkja til Garðvistar og uppihalds meðan á námi stóð. Á átjándu öld var fjöldi innritaðra stúdenta við Hafnarháskóla 297 en á níttjándu öld voru þeir á fimmta hundrað. Lagapróf var innleitt árið 1736 og auk þess var hægt að taka einkapróf (privateksamen) í lögfræði, sem einungis laut að dönskum rétti. Framan af lögðu flestir íslenskir stúdentar stund á nám í guðfræði, en smám saman fjölgaði þeim sem menntuðu sig í öðrum greinum.³⁹ Það skipti miklu máli fyrir íslenska stúdenta að fram til ársins 1732 fór öll kennsla og próftaka við Hafnarháskóla fram á latínu, og allt námsefni var á því máli. Af þeim sökum var staða danskra og íslenskra stúdenta svipuð, hvað tungumálið varðaði. Allir lögðu stund á háskólanám á tungumáli sem ekki var móðurmál þeirra. Á þessu varð breyting með því sem kalla mætti móðurmálsvæðingu skólakerfisins, þ.e. þegar farið var

³⁸ Um er að ræða bók Gunnlaugs Oddssonar, *Orðabók sem innibeldur flest fágæt, framandi og vandskílin orð er verða fyrir í dönskum bókum*, gefin út í Kph. árið 1819. Bók Konráðs Gíslasonar, *Dönsk orðabók með íslenskum þýðingum*, gefin út í Kph. árið 1851 og bók Jónasar Jónssonar (meðritstjóri Björn Jónsson), *Ný dönsk orðabók með íslenskum þýðingum*, sem kom út í Reykjavík árið 1896.

³⁹ Jón Helgason, *Íslendingar í Danmörku fyr og síðar : með 148 mannamyndum*, Reykjavík: Íslandsdeild Dansk-íslenska félagsins, 1931, bls. 27.

að kenna í vaxandi mæli á dönsku. Eftir því sem leið á átjándu öldina styrkti danskan stöðu sína sem kennslumál í Hafnarháskóla. Það átti við um kennsluna sjálfa og allt námsefni. Latínan hélt lengst velli sem kennslumál í námi sem snerti *exegese*, þ.e. ritskýringar biblíutexta, og latneska flólógíu, þar sem hún vék ekki endanlega fyrir en árin 1840 og 1848. Latínan gegndi einnig mikilvægu hlutverki í daglegu lífi stúdenta. Fyrsti fyrirlestur dagsins hófst klukkan sex á morgnana og fór fram á latínu. Klukkan tíu mættu stúdentar til sameiginlegrar máltíðar í Klaustrinu og kl. 5 til kvöldverðar. Við málsverðina var einungis leyfilegt að tala latínu og væru þær reglur virtar að vettugi, lágu við sektir sem voru hærri en fyrir það að koma fullur í Klaustrið.⁴⁰

Þau atriði, sem hér hafa verið nefnd, voru afdrifarík fyrir íslenska stúdenta og höfðu smám saman áhrif á dönskukunnáttu þeirra og margra annarra Íslendinga. Meðan latínan hélt velli í háskólanámi, var kunnáttu í henni mikilvægust fyrir stúdenta, en á því varð gjörbreyting, þegar var farið að kenna á dönsku. Þá reyndi mikið á dönskukunnáttu, ekki síst tjáningu á málinu sem reyndist mörgum þrándur í götu, eins og sjá má á lýsingu dr. E. C. Werlauff, prófessors og yfirbókavardar á Háskólabókasafninu frá því um aldamótin átján hundruð:

Antallet af de islandske Studerende, som kom hertil, var naturligviis kun ringe, men de nøde her flere Begunstigelser, idet de strax ved Ankomsten erholdt baade Communitets- og Regents-Stipendiet. De sluttede sig altid indbyrdes sammen og havde lidet eller intet Samkvem med deres danske Medstuderende, hvortil deres Sprog, skjønt de talte og forstode Dansk bidrog meget ...⁴¹

Tilvitnuð orð benda til að námsmennirnir hafi skilið og talað dönsku, en að samskipti þeirra við danska stúdenta hafi verið takmörkuð vegna ónógrar dönskukunnáttu og að þeir hafi haldið hópinn af þeim sökum. Þrátt fyrir samheldni stúdenta hafa samskipti

⁴⁰ Sigurður Sigtryggsson, „Á Íslendingaslóðum í Kaupmannahöfn“, *Frón* 2/1944, bls. 133–162, hér bls. 142–143.

⁴¹ E. C. Werlauff, *Af min Ungdoms Tid. Danske, især Kjøbenhavnske, Tilstande og Stemninger ved og efter Overgangen til det nittende Aarhundrede*, ritstj. Hans Degen, Kaupmannahöfn: H. Hagerups Forlag, 1954, bls. 85–86.

við Dani þó verið óhjákvæmileg, og kunnátta í málinu hefur væntanlega smám saman aukist eftir því sem leið á dvölinna. Að loknu námi sneru stúdentarnir síðan heim og þar nutu aðrir kunnátta þeirra í dönsku, einkum þeirra sem lögðu fyrir sig kennslu í Lærða skólanum eða á eigin vegum. Móðurmálsvæðingin í Danmörku hafði þannig hvort tveggja í senn áhrif á dönskukunnáttu Íslendinga og viðhorf þeirra til eigin tungu. En hver voru tækifæri Íslendinga til dönskunáms í skólum hér á landi á nítjándu öld? Þegar Bessastaðaskóli tók til starfa árið 1805, var auk hans einungis einn barnaskóli, Hausastaðaskóli, starfræktur í landinu. Það segir þó ekki alla söguna, því ekki var óalgengt framan af öldinni að latínuskólánám væri stundað í heimaskóla hjá prestum, en það veitti þeim heimild til að þreyta inntökupróf, *examen artium*, í Hafnarháskóla.⁴² Danska var kennslugrein í Bessastaðaskóla og kennd bæði í neðri og efri bekk. En hvað fólst í dönskukennslu í byrjun nítjándu aldar? Þegar svara á spurningu af þessum toga, er mikilvægt að átta sig á því hvaða kenningar voru uppi um tungumálakennslu og tungumálanám á þessum tíma. Kenningar um aðferðir í tungumálakennslu hafa breyst mikið í tímans rás, en þær endurspegla þá þekkingu sem menn búa yfir á hverjum tíma um eðli tungumála og tungumálanáms. Kenningarnar hafa síðan áhrif á viðhorf til tungumála, hlutverk þeirra og að hverju skuli stefnt með kennslunni. Mikill munur er t.d. á kenningum fræðimanna um aðferðir í tungumálakennslu nú á dögum í samanburði við þær, sem voru efstar á baugi í upphafi nítjándu aldar. Fornmálin voru þá í öndvegi í evrópskum skólum, enda latína enn samskiptamál lærðra manna. Þegar nýju málin fóru að ryðja sér til rúms á nítjándu öld varð málfræði- og þýðingaraðferðin⁴³ allsráðandi, en hún tók mið af þeirri nálgun, sem hafði tíðkast í latínukennslunni.⁴⁴ Eðli málsins sam-

⁴² Einar Laxness, *Íslandssaga* II, i-r, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1998, bls. 127.

⁴³ Jack C. Richards og Theodore S. Rodgers, *Approaches and Methods in Language Teaching*, Cambridge: Cambridge University Press, 2001, bls. 5–7 og Auður Hauksdóttir, „Straumar og stefnur í tungumálakennslu“, *Mál málanna. Um nám og kennslu í erlendum tungumálum*, ritstj. Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, 2007, bls. 155–199.

⁴⁴ Auður Hauksdóttir, „Frá fornum málum til nýrra. Um kennslu erlendra tungumála á Íslandi í sögulegu ljósi“, *Milli mála* 1/2009, bls. 11–53.

kvæmt var töluðu máli og framburði lítill gaumur gefinn, enda ekki lengur til málsamfélög, þar sem latína var notuð sem lifandi tunga. Hins vegar var þeim mun ríkari áhersla lögð á að nemendur næðu tökum á lestri, öðluðust yfirgripsmikinn orðaforða og að þeir gætu lesið sígildar bókmenntir og fræðandi efni. Málfræðireglur og beitingu þeirra þurfti að læra til hlítar. Þýðingar milli móðurmálsins og markmálsins og ritun málfræðistíla þóttu ákjósanlegar aðferðir til að ná framangreindum markmiðum. Lýsingar á dönskukennslu í Bessastaðaskóla sýna glögglega áhrif málfræði- og þýðingaraðferðarinnar. Námið fólst einkum í stúlagerð, þýðingum og textalestri. Sú litla talmálsþjálfun, sem fór fram, tengdist upplestri eða endursögn ritaðra texta. Beiting dönsku, sem og reyndar einnig latínu, var þó ekki einungis bundin við kennslustundirnar í þessum málum. Á laugardögum tóku nemendur efri og neðri bekkjar þátt í einum tíma í ræðumennsku og tjáningu. Nemendur efri bekkjar tjáðu sig á móðurmálinu og latínu um lesið efni tengt trúarlærdomnum en nemendur neðri bekkjar töluðu dönsku í tengslum við valið efni úr *Godmans Børneven*. Í mannkynssögu var notuð bókin *Almindelig Verdenshistorie i Udtog* eftir H.A. Kofod. Samkvæmt heimildum fór kennslan fram á dönsku og af þeim sökum „talaði kennarinn afar hægt til að þeir styst komnu gætu fylgst með og skrif—að niður það sem máli skipti. Þá þýddi hann framandi orð á íslensku, skrifaði öll nöfn upp á töflu og sagði hvernig orðin skyldu skrifuð og borin fram.“⁴⁵

Eins og áður er getið reyndist sú umbylting í Hafnarháskóla að kenna á dönsku í stað latínu afar íþyngjandi fyrir íslenska stúdenta. Tungumálaerfiðleikarnir voru mestir í upphafi námsdvalarinnar, en þá þurftu nemendur að gangast undir inntökupróf í háskólann og standast það, ella fengu þeir ekki námsstyrk. Heimildir sýna að sumir námsmenn undirbjuggu sig fyrir námið ytra með því að aðstoða við skrifarastörf hér heima.⁴⁶ Tök á ritmáli og önnur kunnátta sem slík iðja stuðlaði að, skipti miklu máli fyrir nemendur, en var ekki nægileg, þar sem prófið reyndi einnig á að skilja og tala dönsku,

⁴⁵ Svavar Þór Guðmundsson, *Þattir úr sögu Bessastaðaskóla 1805–1846 : af lektorum, brillistum og nonistum*, Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar, 2006, bls. 39–41.

⁴⁶ Kristmundur Bjarnason, *Amtmaðurinn á einbúasetrinu : avisaga Gríms Jónssonar*, bls. 245.

sem voru þær hliðar málsins, sem flestir stúdentar höfðu minnsta þjálfun í, og sem löngum hefur reynst Íslendingum erfiðar. Baldvin Einarsson, sem innritaðist í Hafnarháskóla í janúar 1827, segir í einkabréfi að takmörkuð dönskukunnátta valdi Íslendingum mestum vandræðum eftir komuna til Danmerkur.⁴⁷ Í bréfi Tómasar Sæmundssonar, sem hann ritaði föður sínum skömmu eftir komuna til Hafnar árið árið 1827, lýsir hann vandræðum sínum í tengslum við inntökuprófið:

Ég og 159 aðrir eigum þá að reyna á lukkuna, og gengur víst einhver af þeim fjölda til baka, sem ekki er ólíkt (að) komi fyrir mig, þar eð ég einn ekki má svara á mínu móðurmáli, eins og allir hinir. Einn af skólabræðrum mínum (Benedikt Scheving), sem sat við hliðina á mér í allan vetur og dimitteraðist líka í vor, var kominn hingað þremur vikum fyr en ég, en vill þó ei leggja til skipbrots með mér; hefir hann þó síðan (hingað kom) ætíð lesið í ákafa og keypt einn fermasta stúdentinn til að lesa með sér. Hann tekur examen um nýárið, þegar séð hefir hvernig mér reiðir af. Ég get ekki dregið það svo lengi, þó ég sé hræddur um mig, því það kostar svo miklu meira, þar (eð) maður má bæði borga húsaleigu og fær engan peningastyrk fyrir en examen er afstaðið, en strax eftir það (fæst) hvorttveggja.⁴⁸

Og í bréfi til Jónasar Hallgrímssonar, frá 30. september 1827, skrifar Tómas enn fremur: „Ég kvíði annars mest fyrir dönskunni, því mér hefir svo lítið farið fram í að tala hana, þar eð ég hefi ætíð verið með íslenskum hérna ...“.⁴⁹ Í ritlingi Tómasar Sæmundssonar, *Island fra den intellectuelle Side betragtet*, sem kom út í Kaupmannahöfn árið 1832 viku höfundur að þeim umbótum sem hann telur brýnast að ráðast í við Bessastaðaskóla.⁵⁰ Ein þeirra er að styrkja stöðu dönskunnar og móðurmálsins. Benedikt Gröndal fór til Hafnar 1846 og í *Dægradvöl* má finna umfjöllun um inntökuprófið, *examen artium*. Um dönskukunnáttu sína og annarra íslenskra námsmanna

⁴⁷ Nanna Ólafsdóttir, *Baldvin Einarsson og þjóðmálastarf hans*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1961, bls. 10.

⁴⁸ Tómas Sæmundsson, *Bréf Tómasar Sæmundssonar: gefin út á hundrað ára afmáli hans 7. júní 1907*, Jón Helgason bjó til prentunar, Reykjavík: Gutenberg, 1907, bls. 9.

⁴⁹ Sama rit, bls. 19.

⁵⁰ Tómas Sæmundsson, *Island fra den intellectuelle Side betragtet*, Kaupmannahöfn: E. Græbe og Søn, 1832, bls. 32.

segir hann: „... þar að auki kunnum við ekki allir dönsku svo vel, að við gætum talað hana né skilið hana í tali; ég skildi þannig varla danska menn, þegar þeir ávörpuðu mig ...“. Nú ber að hafa í huga að það var mikill munur á því að geta brugðið fyrir sig dönsku í þekktum aðstæðum eins og í Reykjavík eða á öðrum stöðum, þar sem Dani var að finna á Íslandi, og að standast kröfur um dönskukunnáttu í háskólanámi ytra. Þótt margt bendi til að takmörkuð færni til að skilja og tala dönsku hafi verið mörgum námsmönnum fjötur um fót, var þó ekki eins ástatt með alla. Í bréfi sínu til Gríms Jónssonar í apríl 1810 segir Rask⁵¹ Grím vera þann mann „... sem satt eitt að segja, talar mitt móðurmál best af öllum löndum sínum sem eg enn hef heyrt.“ Grímur var fæddur í október 1785 og hélt til Hafnar vorið 1805. Hann undirbjó sig fyrir námsdvölinu með því að gerast skrifari hjá Ólafi Stephensen stiftamtmani, þar sem hann náði góðum tókum á dönsku, einkum ritaðri.⁵² Þegar Rask lætur téð orð falla um dönskukunnáttu Gríms hafði hann dvalið í Höfn í næstum fimm ár.

Þegar Lærði skólinn var fluttur frá Bessastöðum til Reykjavíkur árið 1846, var dönskukennsla aukin til mikilla muna auk þess sem stór hluti námsefnisins í öðrum greinum var á dönsku. Auk dönskukennslu í náminu sjálfu var í reglugerð skólans frá 1846 kveðið á um það inntökuskilyrði að nemendur geti lesið og skilið dönsku. Skv. 4. grein reglugerðarinnar skyldi kenna dönsku jafnframt íslensku og þess gætt „að lærisveinar verði leiknir í að útleggja hana á aðra tungu, rita hana eptir réttum reglum, og vita hið helzta í bókmenntasögu Dana“. Prófið átti að vera fólgið í a) skriflegri útleggingu á danska tungu og b) munnlegri útleggingu af dönsku, í einhverri þeirri danskri bók sem ekki hafði verið lesin í skóla (11. gr.).⁵³ Með reglugerð frá 1850 veitti próf frá Lærða skólanum rétt til innngöngu í Hafnarháskóla og stúdentar þurftu því ekki lengur að þreyta inntökuprófið. Í nýju reglugerðinni segir í 11. grein um prófið í dönsku að piltar skuli reyndir „skriflega a) með því að láta þá gjöra

⁵¹ Rasmus Rask, *Breve fra og til Rasmus Rask*, bls. 34–35.

⁵² Kristmundur Bjarnason, *Amtmaðurinn á einbúasetrinu: ævisaga Gríms Jónssonar*, bls. 29–46.

⁵³ *Lovsamling for Island XIII (1844–1847)*, Kaupmannahöfn: Andr. Fred. Höst, 1866, bls. 449–463.

danskan stíl, og b) munnlega, með því að láta þá leggja út tvo kafla eptir danska rithöfunda sem þeir hafa eigi lesið, annan í bundinni ræðu en hinn í óbundinni“.⁵⁴ Nokkuð var dregið úr dönskukennslu með reglugerðinni frá 1850, en hún síðan aukin aftur, þegar ný reglugerð tók gildi árið 1877.⁵⁵ Reglugerðirnar sýna svo ekki verður um villst að viðhorfin til tungumálakennslunnar voru undir sterkum áhrifum frá málfræði- og þýðingaraðferðinni. Mikilvægi þýðinga, bókmenntalesturs og málfræði er undirstrikað, en lítið sem ekkert gert úr þeim færniþáttum sem lúta að því að skilja og tala málið, þeirri færni sem námsmennirnir þurftu svo tilfínanlega á að halda í frekara námi og skiptu öllu máli í samskiptum við Dani. En hvernig var svo kennslan í reynd? Í bókinni *Minningar úr menntaskóla* rifjar skáldið Matthías Jochumsson upp árin í Lærða skólanum (1859–1863), m.a. dönskukennslu Jónasar Guðmundssonar,⁵⁶ og þar segir að danskan hafi eflaust verið „... sú grein, sem hann var sízt vaxinn að kenna öðrum [...] á þeirri nýju kennslu Jónasar þóttist ég lítið græða, enda var hún afleit. Var hann sárlatur og leiður í tímunum, en latínumaður var hann talinn hinn framasti ...“.⁵⁷

Jón Ólafsson ritstjóri, sem var í Lærða skólanum á sjöunda áratugnum, segir Jónas hafa verið afleitán dönskukennara og lýsir kennslu hans á eftirfarandi hátt:

Meðal annars kunnir hann lítið sem ekkert í dönskum framburði, bar meðal annars *Pandekager* fram sem pan-de-kag-er og annað eftir því. Hann hafði lítið fyrir að velja efni í danskan stíl. Hann greip oftast einhverja klausu úr hvaða bók eða blaði, sem hendi var næst. Þannig kom einhvern tíma fyrir í stílsefni hjá honum: „Heyfyrningar hjá góðum aflamönnum“ (aflamaður átti að tákna þann, sem ötull er að afla sér afurða, hér heys). Og þetta var í einhverjum af neðri bekkjunum. – Þegar hver piltur, sem

⁵⁴ *Lovsamling for Island XIV* (1848–1850), Kaupmannahöfn: Andr. Fred. Höst, 1868, bls. 514–528.

⁵⁵ Sjá nánar um dönskukennslu í Reykjavíkurskóla: Auður Hauksdóttir, „Frá fornum málum til nýrra. Um kennslu erlendra tungumála á Íslandi í sögulegu ljósi“.

⁵⁶ Jónas Guðmundsson var fæddur árið 1820. Að loknu námi í Bessastaðaskóla hélt hann utan, þar sem hann stundaði nám í guðfræði. Meðal annarra námsgreina kenndi hann dönsku á árunum 1855–1872.

⁵⁷ Matthías Jochumsson, „Skólaár mín“, *Minningar úr menntaskóla*, ritstj. Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson, Reykjavík: Ármann Kristinsson, 1946, bls. 25.

kom upp í tíma í dönsku, hafði þýtt á íslensku þann kafla, sem honum var fyrir settur, var hann jafnan látinn snúa nokkrum setningum af íslensku á dönsku. Aldrei bjó Jónas sig út með neina bók til að láta snúa úr, en það okkur jafnan í bekknum að lána sér einhverja íslenska bók. Eitt vor bar svo til sem oftast, að Jónas það okkur að ljá sér bók til að snúa úr. Svo stóð á, að póstskip var nýkomið, og hafði ég kvöldið áður keypt mér *Gandræiðina*, sem hafði komið með skipinu. Hafði ég haft hana með mér um morguninn og lesið hana í fyrstu tímunum. Þegar Jónas kom inn í kennslutímamann, spurði hann að vanda: „Hver ykkar getur léð mér íslenska bók til að *vertera* (snúa) úr?“⁵⁸

Síðar kenndi Páll Melsteð dönsku og segir Jón það hafa orðið mikil viðbragði og breyting til batnaðar að fá að njóta kennslu hans.⁵⁹ Loks má nefna endurminningar séra Kristins Daníelssonar, sem hóf nám í Reykjavíkurskóla haustið 1877.⁶⁰ Hann segir þann galla hafa verið á tungumálanáminu að ekki hafi verið kennt að tala né rita útlend mál nema dönsku og latínu með stílagjörð og bætir við að „... jafnvel dönsku gátu ekki allir stúdentar talað, svo að til hlítar mætti teljast, nema þeir hefðu umgengizt danskar fjölskyldur ...“. Lýsingar fyrrum nemenda renna því enn frekari stoðum undir það sem áður hefur verið sagt um þau miklu áhrif sem málfræði- og þýðingaradferðin hafði á kennsluna og inntak hennar. Þeir kennarar sem önnuðust dönskukennslu höfðu ekki menntað sig til starfans og auk þess gat mikið oltið á viðhorfi þeirra til málsins og kennslunnar fyrir árangur nemenda í náminu. Loks ber að nefna að þýðingar- og málfræðiaðferðin var á margan hátt árangursrík leið til að kenna lestur, orðaforða og málfræði, en hentaði mun verr til að kenna talmál og tjáningu. Undir lok aldarinnar voru gefnar út kennslubækur í dönsku, ætlaðar íslenskum nemendum, m.a. *Dönsk lestrarbók með stuttu málfræðiágrípi og orðasafni* eftir Steingrím Thorsteinsson, sem kom út árið 1880 og var notuð til kennslu í Lærða

⁵⁸ Jón Ólafsson, „Skólalíf í Reykjavík um og eftir 1863“, *Minningar úr menntaskóla*, ritstj. Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson, Reykjavík: Ármann Kristinsson, 1946, bls. 32–33.

⁵⁹ Sama rit, bls. 42.

⁶⁰ Kristinn Daníelsson, „Hinn almenni menntaskóli“, *Minningar úr menntaskóla*, ritstj. Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson, Reykjavík: Ármann Kristinsson, 1946, bls. 54–57.

skólanum.⁶¹ Í formála segir Steingrímur Þorsteinsson⁶² að aðaltilgangur bókarinnar sé sá

að gefa mönnum kost á handhægum leiðarvísi fyrir byrjendur í námi hinnar dönsku tungu, sem Íslendingum er mjög þarflegt að kunna, ekki að eins vegna sjálfrar dönskunnar og hinna dönsku bókmennta, heldur einnig af því, að kunnáttu í dönsku er lykill að bókmenntum hinna annara norrænu bræðraþjóða ...

Athyglisvert er að dönskunni er nú einnig ætlað það hlutverk að vera lykill Íslendinga að öðrum norrænum málum. Ef til vill er menntun Steingríms í norrænum fræðum ástæðan fyrir þeim skilningi á hlutverki dönskukunnáttunnar.

Að lokum verður stuttlega vikið dönskukennslu í öðrum skólum. Eins og áður segir lagðist skólastarf af í Hausastaðaskóla árið 1812 og var þá enginn skóli starfræktur í landinu nema Lærði skólinn. Almenn fræðsla barna fór því að mestu fram á heimilunum eða á vegum presta. Eftir það var enginn barnaskóli starfræktur fyrr en danskir kaupmenn og íslenskir embættismenn höfðu frumkvæði að stofnun einkaskóla í Reykjavík árið 1830, og starfaði sá barnaskóli til ársins 1847, þegar starfsemin var aflögð. Það er til marks um stöðu dönskunnar í Reykjavík, að kennsla í skólanum fór fram á dönsku, þó börnin væru flest íslensk. Árið 1862 tók Barnaskólinn í Reykjavík til starfa og árið 1874 voru 6 barnaskólar starfræktir í landinu. Þrettán árum síðar voru þeir orðnir 30 talsins, og var danska kennd í flestum þeirra.⁶³ Í reglum um Barnaskólann í Reykjavík frá 1866 segir um dönskukennslu:

Dönsku skal kenna í öllum bekkjum nema í 1. bekk, og skal kennslu í þeirri grein hagað svo, að börnin ekki að eins geti lesið sjer til gagns danskar bækur, heldur einnig komið fyrir sig orði við danska menn. Gæta

⁶¹ *Skýrsla um hinn Lærða skóla í Reykjavík, Skóla-Árið 1883–84*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1884, bls. 9.

⁶² Steingrímur Þorsteinsson, *Dönsk lestrarbók með stuttu málfræðiságrípi og orðasafni*, Reykjavík: Forlag Kristjáns Ó. Þorgrímssonar, 1880, bls. IV.

⁶³ Auður Hauksdóttir, *Lærerens strategier-elevernes dansk*, bls. 38–39.

skal þess, að þegar þau leggja út á dönsku, temji þau sjer gott íslenskt orðaval. Svo ber og stöku sinnum að æfa þau í danskri rjettritun.⁶⁴

Að dönskuna skyldi nota til að eiga samskipti við Dani ber að skoða í ljósi þess, hve mikils dönsk tunga og menning máttu sín í Reykjavík og á öðrum helstu verslunarstöðum á síðari hluta nítjándu aldar.

Undir lok aldarinnar voru stofnaðir nýir skólar, þar sem áhersla var lögð á starfsnám eða almennt hagnýtt nám. Hér má nefna Kvennaskólann í Reykjavík (1874), Bændaskólann í Ólafsdal (1880), gagnfræðaskólana á Möðruvöllum (1880) og í Flensborg (1882) og Stýrimannaskólann (1891). Í öllum þessum skólum var danska kennslugrein og einnig var talsverður hluti námsefnisins á dönsku. Reglugerðir og aðrar lýsingar á kennslunni og upplýsingar um námsefni eru til vitnis um áhrif þýðingar- og málfræðiaðferðarinnar,⁶⁵ en um aldamótin virðist hilla undir breytingar. Árið 1900 kom út bókin *Lítill kennslubók í dönsku handa barnaskólum*, sem Þóra Friðriksson samdi. Í formála segist höfundur í mörg undanfarin ár hafa kennt dönsku í Barnaskóla Reykjavíkur og

... komizt að þeirri niðurstöðu, að kenna má börnum á 2–3 vetrum að skilja og tala daglegt mál, með því að tala ávallt dönsku við börnin í kennslustundunum og kenna þeim alla málfræði á dönsku eins og líka, að láta þau læra smá-vísur utanbókar, og fæ jeg ekki betur sjeð, en að með því sje ætlunarverk barnaskólans unnið. Með því að kenna þeim málfræðina á íslensku og með endalausum útlekkingum eyðist of mikill tími og árangurinn verður þeim mun minni.⁶⁶

Af orðum Þóru má ráða að það eru ekki einasta samskipti við Dani sem geta gert nemendur í stakk búna til að skilja og tala dönsku, heldur ekki síður sú kennsluáðferð sem kennarinn byggir kennslu sína á. Niðurstaða hennar er sú að það megi kenna nemendum að skilja og tala dönsku með því að nota málið í kennslustundum í stað

⁶⁴ *Lovsamling for Island XIX* (1864–1867), Kaupmannahöfn: Andr. Fred. Höst & Søn, 1885, bls. 457.

⁶⁵ Auður Hauksdóttir, *Lærereis strategier-elevenes dansk*, bls. 34–38.

⁶⁶ Þóra Friðriksson, *Lítill kennslubók í dönsku handa barnaskólum*, Reykjavík: Fjelagsprentsmiðjan, 1900, bls. 1.

Þess að verja mestum tíma í þýðingar og málfræðistagl á móðurmálinu. Þannig mælir hún gegn málfræði- og þýðingar- aðferðinni og heldur fram nýrri aðferð, beinu aðferðinni, þar sem talað mál er í brennidepli. Sú aðferð, sem m.a. danski málfræðingurinn Otto Jespersen⁶⁷ var ákafur talsmaður fyrir, var mjög í deiglu í Danmörku um aldamótin.

Lokaorð

Fram undir miðja átjándu öld var dönskukunnátta Íslendinga almennt lítil, en hún jókst smám saman eftir því sem leið á nítjándu öldina. Fyrir því lágu ýmsar ytri aðstæður svo sem pólitísk tengsl landanna, danskir hagsmunir á Íslandi og íslenskir í Danmörku, dönsk ítök og menningaráhrif, félagsleg staða hópa og einstaklinga og þróun byggðar. En einnig löngun einstaklinga til að hafa áhrif á framtíð sína og tækifæri í lífinu. Þessar ástæður og ýmsar aðrar sköpuðu danskri tungu ákveðna sérstöðu hér á landi sem mikilvægu tæki til tjáskipta og áhrifa. Ólíkar ástæður gátu því orðið til þess að kveikja verktengdan eða aðlögunartengdan hvata hjá einstaklingum til þess að læra dönsku.

Dönsk ítök, menning og tunga voru áberandi á helstu verslunarstöðunum, einkum í Reykjavík, þar sem danskir kaupmenn og íslenskir og danskir embættismenn gerðu sig gildandi. Tengslin við Danmörku og þau forréttindi, sem dansk-íslenska elítan naut gerði það að verkum að notkun dönsku varð hvort tveggja í senn tæki til að bæta stöðu sína og eins konar tákn um völd eða sérstöðu gagnvart þorra almennings. Með aukinni þjóðernisvitund Íslendinga dró úr áhrifum danskrar tungu í stjórnsýslunni og viðhorfin urðu gagnrýnari. Spornað var við dönskum slettum í munni Íslendinga og neikvæðni í garð danskrar tungu óx. Aukin útgáfa á veraldlegu samtímaefni í Danmörku hafði mikil áhrif hér á landi. Danskar bækur, blöð og tímarit voru eftirsótt meðal þeirra sem þyrsti í lestur og fróðleik og löngun til lesa slíkt efni og vera með á nótunum varð mörgum hvati til að læra málið upp á eigin spýtur.

⁶⁷ Sbr. bók Ottos Jespersen, *Sprogundervisning*, sem var gefin út af Det Schubotheske Forlag í Kaupmannahöfn árið 1901 og vakti mikla athygli.

Danska var kennd í Lærða skólanum, auk þess sem stór hluti námsefnisins var á dönsku. Þá var dönskukunnátta forsenda frekara náms í Danmörku, þar sem nemendur þurftu allt fram á miðja nítjándu öld að standast inntökupróf til að geta hafið nám Hafnarháskóla. Þar reyndi strax á skilning og tjáningu á dönsku, þar sem námsmennirnir stóðu höllustum fæti hvað dönskukunnátta varðaði, ekki síst þeir sem komu utan af landsbyggðinni, en þar gætti áhrifa danskrar tungu lítið sem ekkert.

Til að mæta aukinni þörf fyrir dönskukunnátta var kennslan eflað til mikilla muna í Lærða skólanum við flutning hans til Reykjavíkur. Sá galli var þó á gjöf Njarðar að á nítjándu öld var þýðingar- og málfræðiaðferðin allsráðandi við kennslu erlendra tungumála. Hún hentaði ágætlega til að kenna lestur, ritun, orðaforða og málfræði, en öllu lakar til að kenna nemendum að skilja og tala erlendar tungur. Samskipti við Dani gerðu því oft gæfumuninn hvað varðaði góð tók Íslendinga á dönsku, sérstaklega á töluðu máli.

Útdráttur

Á nítjándu öld gætti töluverðra danskra áhrifa á Íslandi. Dönsk tunga var notuð í samskiptum við Dani og hún gegndi einnig mikilvægu hlutverki innan stjórnsýslunnar. Með móðurmálsvæðingu skólakerfisins í Danmörku varð dönskukunnátta nauðsynleg þeim sem sóttu þangað menntun. Margir áttu í erfiðleikum með að skilja og tala dönsku og því var dönskukennsla eflað í Lærða skólanum.

Á helstu verslunarstöðum, einkum í Reykjavík, gerðu Danir sig gildandi og dönsk menning og tunga setti svip á mannlífið og samskipti. Í því fólust tækifæri fyrir Íslendinga til dönskunáms. Sumir voru hallir undir danskt vald og samsömuðu sig dönsk-íslensku elítunni, og var ein táknmynd þess að slá um sig með dönsku og sletta á málinu. Veraldlegir samtímatextar á íslensku voru af skornum skammti og því lærðu margir dönsku af sjálfsdáðum til að geta lesið bókmenntaverk, blöð og tímarit.

Danska var kennslugrein í Lærða skólanum og þegar nýir skólar komu til sögunnar undir lok aldarinnar var danska þar meðal kennslugreina, auk þess sem stór hluti námsefnis í öðrum greinum var á dönsku. Málfræði- og þýðingaraðferðin var ráðandi í dönskukennslunni og hún hentaði vel til að kenna lestur og ritun, en síður

til að kenna nemendum að skilja og tala málið. Ætla má að margir Íslendingar hafi búið yfir góðri lestrarfærni, en að fáir hafi haft danskt talmál á valdi sínu, síst þeir sem bjuggu til sveita þar sem lítil samskipti voru við Dani.

Lýkilorð: danska á Íslandi, dönsk áhrif, dönskukunnátta, þjóðernisvitund, viðhorf til danskrar tungu

Icelanders' Knowledge of Danish in the 19th Century

Danish influence in its Icelandic colony was considerable in the 19th century. The Danish language was used for communication with Danes and also played a central role in colonial administration in Iceland. The implementation of mother tongue instruction in the Danish educational system made knowledge of the Danish language necessary for Icelanders seeking an education in Denmark. As many Icelanders had difficulties in understanding and speaking Danish, instruction in the language was increased in the Latin School.

In the main trading stations, and in Reykjavik in particular, Danes made their presence felt strongly and Danish culture and the Danish language featured highly in daily life and all relations. This provided opportunities for Icelanders to learn Danish. Some people were in favour of Danish rule and identified with the Danish-Icelandic elite, demonstrating this by speaking Danish or using plenty of Danish loan-words in Icelandic. As popular contemporary printed works in Icelandic were very scarce, many people learned Danish on their own initiative to read newspapers, books and magazines.

Danish was a subject in the Latin School and when new schools for younger children appeared near the end of the century Danish was among the subjects taught. Much of the study material in other subjects was also in Danish. Grammar and translation of texts was the dominant method of Danish instruction, which suited well enough for teaching reading and writing, but was less useful in helping pupils to understand or speak the language. Many Icelanders are likely to have had good reading skills but few would have

had a command of spoken Danish, especially those who lived in rural areas where dealings with Danes were limited.

Keywords: Danish in Iceland, Danish influence, proficiency in Danish, national identity, attitudes toward Danish language